

**Nd. 739. Frumvarp til þjóðminjalaga. [100. mál]**

(Eftir 3. umr. í Ed., 12. maí.)

Samhljóða þskj. 345 með þessum breytingum:

43. gr. hljóðar svo:

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhirðu, getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntamálaráðherra tekið gripi safnsins til varðveislu í þjóðminjasafni.

44. gr. hljóðar svo:

Hver sá, er fyrir fétjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Hafi hann orðið fyrir slíku fétjóni vegna framkvæmda á friðunarákvörðun sveitarstjórnar skv. IV. kafla laganna, á hann hins vegar rétt til skaðabóta úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.